



Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,50% af hús- og lóðarmati

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,50% af hús- og lóðarmati

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,65% af hús- og lóðarmati

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

Holræsagjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,25% af hús- og lóðarmati. Rotþróargjald er lagt á fasteignir sem tengjast rotþróum og fer gjaldtakan eftir stærð þeirra.

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 7.650 kr. á hektara, að lágmarki 10.250 kr.

Sorpgjöld: Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 23.500,-
Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 23.500,-
Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 23.500,-

Reglur um afslátt fasteignaskatts 2021.

- 1. gr.**
Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2020.
- 2. gr.**
Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.
- 3. gr.**
Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 60.500,-
- 4. gr.**
Tekjumörk á árinu 2019 eru:

<i>Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að.....</i>	<i>kr. 3.815.000 fá 100% afslátt.</i>
<i>Einstaklingar með skattskyldar tekjur yfir.....</i>	<i>kr. 5.100.000 fá 0% afslátt.</i>
<i>Hjón með skattskyldar tekjur allt að.....</i>	<i>kr. 5.100.000 fá 100% afslátt.</i>
<i>Hjón með skattskyldar tekjur yfir.....</i>	<i>kr. 7.000.000 fá 0% afslátt.</i>

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.
- 5. gr.**
Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur útreiknaðum afslátti ársins.
- 6. gr.**
Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.
- 7. gr.**
Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.
- 8. gr.**
Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2021.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 25.000,- eru: **1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september, 1. október & 1. nóvember.** Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 25.000,- er **15. maí.** Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2021. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænir og eru aðgengilegir á www.island.is. Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og skal senda beiðni um þar á netfangið blonduos@blonduos.is. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Blönduósbæjar í síma 455 4700.

Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar 15. desember 2020.

Sveitarstjórnin á Blönduósi, 6. janúar 2021
Valdimar O. Hermannsson